



# *Heilsuleikskólinn Laufás*

*„Það er leikur að læra“*

Ársskýrsla 2019 – 2020

## Efnisyfirlit

Inngangur.....	2
Laufás .....	2
Fjöldi deilda og nemenda .....	2
Fjöldi kennara, stöðugildi og forföll.....	2
Starfsfundir, skipulags- og námskeiðsdagar.....	3
Endur- og símenntunaráætlun.....	4
Upplýsingar um sjálfsmat.....	5
Sérkennsla.....	5
Samstarf við Grunnskólann á Þingeyri.....	6
Dægradvöl .....	6
Mötuneyti .....	7
Foreldrafélag og foreldraráð.....	7
Foreldrafundir.....	8
Foreldraviðtöl .....	8
Starfsmarkmið 2019 – 2020 .....	8
Starfsáætlun 2019 – 2020 .....	10
Samantekt á starfinu .....	12
Upplýsingar um breytingar, viðgerðir og viðhald í leikskólanum .....	14
Fjárhagsáætlun.....	15

## Inngangur

Í ársskýrslu leikskólans Laufás fyrir skólaárið 2019-2020 verður farið yfir helstu þætti starfsins. Fjallað verður m.a. um skólahaldið, niðurstöður um hvernig tókst að vinna eftir stefnum og áætlunum ársins, fjölda nemenda, fjölda kennara, stöðugildi og forföll. Reynt er að hafa tengla (orðin eru undirstrikuð) á síður sem tengjast efninu þar sem því var við komið og á það að einfalda þeim er les skýrsluna, rafrænt, að sækja sér frekari upplýsingar.

## Laufás

Leikskólinn Laufás var formlega opnaður 19. nóvember 1988. Hann var byggður sem tveggja deilda leikskóli. Leikskólinn fékk mötuneytiseldhús árið 2006 og hefur séð um mötuneytisþjónustu við Grunnskólann á Þingeyri síðan. Tekin var upp Heilsustefna í leikskólanum árið 2007 og fékk Laufás formlega viðurkenningu sem Heilsuleikskóli þann 29 september 2008. Laufás er opinn alla virka daga frá 7:45 – 16:15. Einkunnarorð Laufás er:



### Fjöldi deilda og nemenda

Í Laufási er starfrækt ein deild sem skipt er í 3 aldurskipta hópa, 1 árs, 2-3 ára og 4-5 ára. Boðið er upp á 4 - 8.5 tíma vistun fyrir börn eins til sex ára.

Árgangur	Drengir	Stúlkur	Alls:
2014	5	0	5
2015	1	1	2
2016	2	3	5
2017	0	2	2
2018	0	3	3
			<b>17</b>

Taflan sýnir skiptingu nemenda eftir aldri og kyni

### Fjöldi kennara, stöðugildi og forföll

Við leikskólann starfa sex starfsmenn í 4,83 stöðugildum. Leikskólastjórinn er jafnframt skólastjóri Grunnskólans á Þingeyri og er í 100% starfshlutfalli. Við leikskólann starfa tveir leikskólaliðar, annar þeirra gegnir starfi deildarstjóra, einn ófaglærður starfsmaður og einn starfsmaður hefur lokið diplómu í leikskólakennarafræðum. Leikskólinn uppfyllir ekki ákvæði

laga [nr. 95/2019](#) um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnaenda við leik-, grunn- og framhaldsskóla hvað varðar að 2/3 hlutar stöðugilda séu á höndum þeirra er lokið hafa tilskyldu námi í menntunarfræðum. Auglýst hefur verið árlega eftir menntuðu starfsfólki en það hefur því miður ekki gengið eftir. Hins vegar horfir það til betri vegar þar sem í haust byrjar starfsmaður með BA próf sem er jafnframt að bæta við sig námi í menntunarfræðum. Í mötuneyti sem þjónar báðum skólastigum starfar einn starfsmaður í 0,9 stöðugildi, sá aðili sem hefur séð um ræstingar kemur jafnframt inn í eldhúsið á álagstímum og er í 0,36 stöðu.

Nokkur stöðugleiki hefur verið í starfsmannahópnum, en þó hefur verið töluvert um veikindi sem hefur litað allt starf. Tveir starfsmenn tóku launalaust leyfi í maí, síðastliðnum vegna sauðburðar. Einn starfsmaður fór í barnsburðarleyfi í maí, en hafði áður lítið getað sinnt starfi vegna veikinda. Því var töluvert álag á aðra starfsmenn, auk þess sem afleysingarfólk var fengið til að koma inn, þegar hægt var. Hér að neðan má sjá skiptingu fjarvista á tímabilinu 1. ágúst 2019 – 30. júní 2020:

- Veikindadagar starfsfólks: 148 dagar
- Veikindadagar vegna barna: 31 dagar
- Námsleyfi: 9 dagar

## Starfsfundir, skipulags- og námskeiðsdagar

Dagsetningar	Námskeiðs-,starfsdagar og fundir	
12. ágúst	Starfsmannafundur	Fundur frá kl. 8:00-12:00
6. sept.	Starfsdagur	Leikskólinn lokaður
2. okt.	Námskeiðsdagur/starfsdagur	Leikskólinn lokaður
12. nóvember	Starfsmannafundur	Fundur frá kl. 8:00-10:00
9. desember	Starfsmannafundur	Fundur frá kl. 8:00-10:00
22. janúar	Starfsmannafundur	Fundur frá kl. 8:00-10:00
13. febrúar	Starfsmannafundur	Fundur frá kl. 8:00-10:00
20. mars	Starfsmannafundur	Fundur frá kl. 8:00-10:00
6. apríl	Starfsmannafundur	Fundur frá kl. 8:00-10:00
24. apríl	Starfsdagur	Leikskólinn lokaður
19. maí	Starfsmannafundur	Fundur frá kl. 8:00-10:00
2. júní	Starfsdagur	Leikskólinn lokaður

<b>24. júní</b>	Starfsmannafundur	Fundur frá kl. 8:00-10:00
-----------------	-------------------	---------------------------

Á fundi Fræðsluráðs Ísafjarðarbæjar, 22. ágúst 2019, var gerð grein fyrir niðurstöðum starfshóps um leikskólamál. Þar var m.a. lagt til að gert væri ráð fyrir að 10 sinnum yfir veturinn væru starfsmannafundir á opnunartíma leikskólans, tvær klukkustundir í senn og leikskólanum væri lokað meðan á fundi stæði. Lögð var áhersla á að leikskólar bæjarins myndu breyta skóladagatali til að mæta þessum tillögum og var það gert. Fundirnir voru nýttir til skrafs og ráðagerða um starfið, það sem framundan var sem og að vinna að Gæðagreini. Reynt var að hafa fundina ekki alltaf á sama vikudeginum, en eftir könnun á meðal foreldrahópsins nú í vor verða þeir alltaf á mánudögum, á næsta starfsári. Ekki var annað að sjá en að almenn ánægja væri meðal foreldra og starfsmanna með þessa breytingu.

Sameiginlegur námskeiðsdagur hjá leikskólum litlu skólana í Ísafjarðarbæ var 2. október, þ.e. Þingeyri, Flateyri og Suðureyri. Farið var á Flateyri þar sem allir starfsmenn byrjuðu daginn á skyndihjálparnámskeiði og framhaldinu var vetrarstarfið undirbúið.

Sameiginlegur starfsdagur var hjá öllum starfsmönnum Ísafjarðarbæjar 24. október, þá var leikskólanum lokað kl 11:30. Áhersla starfsdagsins var að styrkja starfsmenn við að ná stjórn á streitu, líðan og einbeitingu.

Starfsdagar eftir áramót féllu niður vegna Covid-19. Einnig voru starfsmannafundir frá og með 20. mars felldir niður, af sömu ástæðu.

### Endur- og símenntunaráætlun

Í starfsmannastefnu Ísafjarðarbæjar segir að starfsmenn skuli eiga kost á fræðslu og endurmenntun sem eykur þekkingu þeirra í starfi og að þeir skuli hvattir til að efla fagþekkingu sína í samræmi við síbreytilegar kröfur sem gerðar eru til vinnustaða sveitarfélagsins. Í kjarasamningum er kveðið á um að starfsmenn skuli eiga kost á að sækja fræðslu- eða þjálfunarnámskeið. Stefnt skuli að því að gera símenntunaráætlanir fyrir allar stofnanir/starfseiningar. Markmið þeirra verði að samræma áhuga starfsmanna fyrir símenntun og heildarmarkmiðum stofnana/starfseininga.

Í samræmi við stefnu Ísafjarðarbæjar er starfsfólk á Laufási hvatt til þess að sækja námskeið og efla þekkingu sína, lesa greinar og kynna sér nýjungar. Auk þessa eru starfsdagar og starfsmannafundir nýttir til þess að auka við þekkingu, miðla og samræma uppeldisaðferðir.

Reynt var að mæta óskum starfsmanna um endurmenntun. Starfsmaður fór m.a. á námskeið um útikennslu, annar um AEPS færnimiðað matskerfi. Einnig fór starfsmaður á námskeið um Blæ, vináttuverkefni á vegum Barnaheilla. Auk þessa fóru allir starfsmenn á skyndihjálparnámskeið. Einn starfsmaður var í viðbótarnámi leikskólaliða, í fjarnámi við Borgarholtsskóla.

### Upplýsingar um sjálfsmat

**Heilsubók barnsins** er eitt helsta matstækið á Laufási. Tvisvar á ári eru skráð staða hjá hverju barni fyrir sig, varðandi helstu þroskaþætti sem og geta hjá börnunum. Niðurstöður eru kynntar foreldrum í foreldraviðtölum sem eru tvisvar á ári.

**Hljóm-2** próf eru tekin á hverju ári hjá elsta árgangi leikskólans. Mikilvægt er að rýna í niðurstöður og vinna markvisst eftir þeim þ.e. skipuleggja starfið út frá því.

**Foreldraviðtöl** eru tvisvar á ári þar sem foreldrar fá upplýsingar um niðurstöður sem skráðar eru í Heilsubók barnsins og þeim gefinn er kostur á að ræða einslega við hópstjóra og stöðuna á leikskólanum hverju sinni.

**Gæðagreininir** (e. How good is our school?) er nýttur til að meta starfið í leikskólanum, starfsmannafundir hafa verið nýttir til að fara yfir hvern þátt.

**Starfsmannaviðtöl** eru einu sinni á ári, hægt er að óska eftir þeim oft.

**Starfsmannafundir** eru að meðaltali einu sinni í mánuði, til að skoða, meta, bæta og vinna í því að gera okkar besta hverju sinni.

### Sérkennsla

Leikskóli á að taka tillit til þarfa hvers barns svo að það fái notið sín í hópi annarra barna á eigin forsendum. Í allri kennslu ber að hlúa vel að sterkum hliðum hvers barns og nýta þær til þess að byggja upp þá þætti sem eru slakari, þannig byggjum við upp sterka sjálfsmynd hjá

hverju barni. Það er stefna okkar að horfa til heiltækrar skólastefnu, sem felst í því að veita öllum er þess þurfa sem mestan stuðning inni á deild eða í litlum hópum. Þó teljum við að stundum sé þörf á að sinna sérkennslunni í ró og næði með einu til tveimur börnum í einu, t.d. þegar barnið á við framburðarerfiðleika eða ef barnið á mjög erfitt með að einbeita sér í stórum hóp. Gæta þarf þess sérstaklega að börn með sérþarfir öðlist félagslega reynslu til jafns við önnur börn og að þau séu virkir þátttakendur innan hópsins.

Skimanir eru gerðar reglulega af Guðrúnu Birgisdóttur, leikskólafulltrúa, skimunaráætlun má finna á heimasíðu leikskólans. Ef niðurstöður þeirra gefa tilefni til frekari úrvinnslu eða þörf á stuðningi er unnið að einstaklingsnámskrá. Guðrún kemur að gerð þeirra og veitir ráðleggingar.

## Samstarf við Grunnskólann á Þingeyri

*Brúum bilið* er samstarfsverkefni á milli Laufás og Grunnskólans á Þingeyri. Markmiðið er að skapa samfellu á milli náms barna í leik- og grunnskólanum. Einnig að sú þekking og færni sem börnin öðlast í leikskóla verður sá grunnur sem grunnskólanám þeirra byggir á. Í þessu augnamiði er gerð samstarfsáætlun að hausti sem felur í sér gagnkvæmar heimsóknir á milli skólanna.

Elstu börnin á leikskólanum taka einnig þátt í árshátíð grunnskólans með því að vera með eitt atriði á skemmtun sem haldin er í félagsheimili Þingeyrar. Yngri börnin eru áhorfendur. Í ár var árshátíðinni frestað vegna Covid-19.

## Dægradvöl

Dægradvöl við Grunnskólann á Þingeyri er starfrækt í Heilsuleikskólanum Laufási og er einkum ætluð nemendum 1. og 2. bekkjar, en við sérstakar aðstæður er möguleiki á að eldri nemendur fái vistun. Skólarnir gera með sér samning á hverjum vetri um liðveislu starfsmanna dægradvalar hvað varðar heimanám grunnskólanemenda. Samningurinn byggir á sameiginlegri ákvörðun skólanna og forráðamanna.

Síðastliðið skólaár var engin sem nýtti sér dægradvölinu.

## Mötuneyti

Á Laufási er eldað fyrir leik- og grunnskólann. Maturinn fyrir grunnskólann er fluttur frá leikskólanum í hitakassa yfir í grunnskólann. Nýr matráður tók til starfa í ágúst 2019. Í byrjun gat hann leitað til fyrri starfsmanns, til að komast inn í starfið og fá aðstoð við verk matráðs. Það kom sér mjög vel, þar sem í starfinu eru margir þættir sem þarf að huga að. Vegna veikinda nýráðins starfsmanns, var töluvert um forföll er líða tók á veturnum sem deildarstjóri Laufás og tveir aðrir starfsmenn sáu að mestu um að leysa. Í maí fengum við afleysingarstarfsmann sem var til 10. júní, eftir það kom annar afleysingarstarfsmaður sem var fram að sumarfríi (sumarlokun). Á þessaru upptalningu sést að það mæddi töluvert á öðrum starfsmönnum Laufás, sem og á öðru starfi leikskólans, þegar oft var undirmannað. Samstarf við grunnskólann gekk vel, þar sem starfsmaður þaðan sá um sækja matinn á skólabílnum, og allt utanumhald innan grunnskólans sem og að skila hitakassanum aftur í Laufás. Þetta fyrirkomulag hefur gengið vel. Þegar Covid-19 kom upp, með tilheyrandi takmörkunum, var hitakassanum komið inn í forstofu leikskólans, þar sem skólastjóri eða starfsmaður grunnskólans tók við honum og skilaði aftur þangað. Einnig sá skólastjóri um eldhúsið í grunnskólanum á meðan mestu takmörkunum stóð.

## Foreldrafélag og foreldraráð

Í lögum um leikskóla nr. 90/2008 kemur fram að við hvern leikskóla skuli vera foreldraráð. Í foreldraráði Laufáss eru þrjú foreldrar. Laufás er fámennur leikskóli og þess vegna var tekin ákvörðun að sömu aðilar væru í foreldraráði og foreldrafélagi Laufáss.

Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Ráðið skal fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Einnig hefur foreldraráð umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfi.

Foreldrafélagið hefur verið í góðu samstarfi við skólann og m.a. farið yfir skóladagatal áður en það var sent til fræðslunefnd til umsaganir. Foreldrafélagið hefur séð um jólagjafir fyrir börnin.



Í stjórn foreldaráðs- og félagsins, skólaárið 2019-2020, voru Arnhildur Lilý Karlsdóttir, Guðrún Snæbjörg Sigþórsdóttir og Magdalena Kuszaj.

## Foreldrafundir

Leikskólinn heldur einn foreldrafund að hausti þar sem starfsemi og nám vetrarins er kynnt. Að þessu sinni var ákveðið að hafa sameiginlegan haustfund með grunnskólanum þann 6. nóvember. Auk þess sem farið var yfir hefðbundin atriði er varðaði vetrarstarfið í skólunum fengum við gestafyrirlesara, Aðalbjörgu Stefaníu Helgadóttur. Erindi Aðalbjargar hét, „Það þarf heilt þorp til að ala upp barn“ og fjallaði meðal annars um Samskiptaboðorðin, mikilvægi sjálfsræktar og að við, hin fullorðnu verðum ávallt að vanda okkur, þar sem við erum fyrirmyndir í öllu því sem við gerum.

## Foreldraviðtöl

Foreldraviðtöl eru tvisvar sinnum yfir skólaárið að hausti og vori. Ekki voru viðtöl að vori að þessu sinni vegna takmarkana vegna Covid-19. Í foreldraviðtölum er foreldrum greint frá skráningu í heilsubók barnsins sem heldur utan um þroska barnsins. Auk þess er farið yfir þætti sem varða líðan og nám barnanna í leikskólanum.

## Starfsmarkmið 2019 – 2020

Samkvæmt Aðalnámskrá Leikskóla ber leikskólum að að nýta aðalnámskrána sem leiðarvísi í starfinu. Þar kemur m.a. fram að stærsta hlutverk leikskólans sé að sjá til þess að börnunum líði vel ásamt því að sinna uppeldi og umönnun. Einkunnarorð leikskólans er, *ÞAÐ ER LEIKUR AÐ LÆRA* og er það leiðarvísir að öllu starfi. Starfsmarkmiðin eru:

- ✓ auka gleði og vellíðan
- ✓ leggja áherslu á hreyfingu
- ✓ holla næringu
- ✓ gæði í samskiptum
- ✓ listsköpun í leik og starfi

### Gleði og vellíðan

Ýmsar leiðir eru farnar í endurmati en fyrst ber að nefna heilsubók barnsins, *Það er leikur að læra*, sem er grunnur heilsustefnunnar og hjálpar okkur að ná settum markmiðum með

skráningu á ýmsum þáttum sem varða nám og þroska barnsins. Skráð er í bókina tvisvar á ári, að hausti og vori. Veita foreldrar heimild fyrir þeim skráningum með undirritun sérstaks samnings þar að lútandi. Heilsubókin hefur að geyma útfærð skráningarblöð varðandi ýmsar upplýsingar um barnið. Þeir þættir sem eru skráðir eru; hæð og þyngd, daglegar venjur, leikur og samskipti, málþroski, einbeiting og sjálfstæði, hreyfifærni (grófhreyfingar) og færni í listsköpun (fínhreyfingar, þróun teikninga, virkni). Unnið er eftir niðurstöðum hvers og eins einstaklings til að ná settum markmiðum.

Vel gekk að ná markmiðum þar sem vel var að staðið að skipulagi og markmiðin eru þannig uppbyggð að allir eru glaðir og líður vel í notalegu og hvetjandi umhverfi.

Rafræn heilsubók á vegum Heilsustefnunar er tilbúin, en beðið er eftir samþykki frá persónuvernd varðandi nokkra þætti hennar.

### **Hreyfing**

Í Laufás er markvisst unnið með hreyfingu. Markmiðið er að tryggja hreyfinám sem örvar og eflir hreyfifærni barnanna ásamt því að þau upplifi þá ánægju og vellíðan sem hreyfingin veitir þeim. Þær leiðir sem farnar eru til að ná markmiðinu er að farið er í íþróttahús staðarins einu sinni í viku, lögð er áhersla á útivist í valstundum á útvistarsvæði við leikskólann sem er vel útbúin til að örva og efla hreyfifærni barnanna, auk þess sem elsti hópur (skólahópur) fer á sundnámskeið að vori fyrir útskrift. Útinám er í hverri viku hjá öllum hópum fer fram í nærumhverfi skólans sem hefur margvísleg tækifæri til ýmis konar hreyfingar.

Vel gekk að uppfylla markmið hreyfingar og var alltaf farið einu sinni í viku í íþróttahúsið, einnig er daglega farið út, ef veður er vont er útiveran styttri. Eins hefur útinámi fest sig í sessi sem einn af grunnþáttum skólastarfsins. Elsti árgangurinn fór í sundkennslu sem var í umsjón skólustjóra, að vori. Notast er við gátlista í heilsudagbók til að meta bæði fín- og grófhreyfingar hjá börnunum.

### **Holl næring**

Á Laufási er stuðlað að góðum matarvenjum og hollustu. Þess er gætt að hafa fæðið sem fjölbreytilegast og stuðst við lýðheilsuráðleggingar. Vatn er ávallt aðgengilegt fyrir börnin og

starfsmenn. Lítið er keypt af unnum kjötvörum, og brauð eru oft bökuð á staðnum. Fylgt er eftir ráðleggingum manneldisráðs varðandi matseld.

Matráður heldur skrá yfir alla matseðla og fer yfir þá reglulega til að bæta, auka grænmeti og hollusturétti eftir því sem við á.

### Gæði í samskiptum

Unnið er með Vináttu, oft kallað Blær, sem er á vegum Barnaheilla. Það er lögð áhersla á góðan skólabrag og unnið út frá fjórum grunngildum: umburðarlyndi, virðingu, umhyggju og hugrekki. Tveir starfsmenn leikskólans hafa sótt námskeið á vegum Barnaheilla sem er forsenda þess að unnið sé með efnið.

### Listsköpun í leik og starfi

Samkvæmt heilsustefnunni sem unnið er eftir á Laufási hefur barn mikla þörf fyrir að skapa og gerir það allar stundir í leik sínum. Það að vinna út frá eigin forsendum og með þann efnivið sem það kys hverju sinni gefur barni færi á að þroska alla hæfileika sína. Skapandi starf eflir gagnrýna hugsun barna, þjálfar rökhugsun og eflir skynjun barns og næmi fyrir umhverfinu. Á Laufási er lögð áhersla á að börnin kynnist fjölbreyttum efnivið og endurnýtingu. Á leikskólanum er allt rusl flokkað og taka börnin þátt í því.

## Starfsáætlun 2019 – 2020

Í starfsáætlun fyrir skólaárið 2019-2020 kemur fram að unnið með með þemað „sveitin mín“ og það tengt inn á alla námsþætti að teknu tilliti til aldurs og þroska barnanna. Unnið verður að frekari útfærslu á þemanu á haustmánuðum. Markmiðin eru að:

- ☞ Að barnið þekki nærumhverfið sitt, bæinn og sveitina
- ☞ Að barnið þekki Dýrafjörð og sveitabæina í honum
- ☞ Að barnið þekki helstu fjöllin í firðinum
- ☞ Að barnið fái að upplifa landbúnað og fái m.a. að smakka afurðir
- ☞ Að barnið læri heiti húsdýranna og hljóð þeirra
- ☞ Virðing fyrir náttúrunni og umhverfisvernd
- ☞ Kynna dýrin sem eru á svæðinu. Unnið verður ítarlega með hvert dýr
- ☞ Atvinnugreinar í firðinum kynnt

Þær leiðir sem farnar verða til að ná að markmiðunum eru:

- ☞ Textar/lög sem tengjast Dýrafirði og húsdýrunum
- ☞ Farið er í sveitaferð/ir
- ☞ Ýmiskonar listköpun þar sem áhersla er lögð á sveitina og húsdýrin
- ☞ Unnið úr endurnýtanlegu efni
- ☞ Fylgst er með útungun hænuunga
- ☞ Settur upp hænsnakofi þar sem nokkrar hænur koma til með að búa

Bækur sem verða lesnar í sögustundum verða tengdar við þemað og það sama á við um lög og þulur sem tengjast því á einhvern hátt. Farið verður í vettvangsferðir þar sem þemað verður tengt útinámi. Mat verður lagt á framkvæmdina með skráningu. Inn í þemað verður síðan flettað þáttum sem tengjast grunnstoðum menntunar. Grunnstoðir menntunar samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla sem eru:

- Læsi í víðum skilning
- Sjálfbærni
- Heilbrigði og velferð
- Lýðræði og mannréttindi
- Jafnrétti
- Sköpun

Unnið hefur verið að því að innleiða læsisstefnu Ísafjarðarbæjar þar sem áhersla er á læsi í víðum skilningi til að efla færni barnanna og verður þeirri vinnu haldið áfram. Aðaláherslan verður lögð á að auka orðaforða og málskilning barnanna með markvissri málörvun í daglegu starfi og leik. Í skóladagatali eru tveir dagar sem eru helgaðir lestri sem við ætlum að nota til að örva áhuga á bókalestri og efla samstarfið við foreldra um þann þátt í læsi. Við munum vera með „Bókaorminn“ en þá skiptast börnin á að hafa með sér 5 bækur sem eru lesnar í lestrarstund á hverjum degi í viku og síðan hafa börnin gert sína eigin sögu í spjalddölvu með aðstoð mynda úr bókunum.

Áfram verður lögð áhersla á skráningu á starfinu og innra mati til að skoða það sem vel er gert og eins hitt að skoða hvað má gera betur. Einnig verður haldið áfram að vinna að innleiðingu starfsmannastefnu leikskólans og verður hún endurskoðuð í lok september 2019.

Ágætlega gekk að fylgja eftir starfsáætluninni framan af vetri, en þegar Covid-19 tók yfir urðum við að breyta skipulaginu, t.d. gátum við ekki farið í sveitaferð og ekki var hægt að setja upp hæsnakofa eða fylgjast með útungun úr eggjum.

Leikskólinn er ásamt öðrum leik- og grunnskólum í Ísafjarðarbæ að vinna að verkefni sem ber yfirskriftina „Stillum saman strengi“ sem er um læsi í víðum skilningi sem ætlað er að vera grunnur læsinnáms ásamt því að leggja markvisst grunn að stærðfræðinámi. Á Laufási er unnið markvisst að því að efla læsi með markvissri málörvun hvort sem um er að ræða frjálsan leik, almenn samskipti eða samveru- og sögustundir. Einnig er unnið með markvissa málörvun daglega. Markmið þessa verkefnis er að:

- Að auka við málskilning
- Að auka við orðaforða og örva framburð sem er mjög mikilvægt ferli hvað varðar lestrargetu og lesskilning barnsins í framtíðinni.
- Nota leiðir í daglífi til að efla hugtakaskilning í stærðfræði (para saman, telja og flokka).
- Leika með form og tölur.

Almenn ánægja hefur verið með þessa vinnu, og hafa verið góðar framfarir meðal barnanna.

## Samantekt á starfinu

Starfsárið 2019 – 2020 var að mörgu leyti óhefðbundið, m.a. vegna veikinda starfsfólks, óveðurs og Covid-19. Reynt var að halda viðburðum sem komið höfðu fram í skóladagatali eins og hægt var. Eins eiga starfsmenn hrós skilið fyrir lipurð við óvenjulegar aðstæður og hversu vel þeim tókst til við að halda daglegu starfi gangandi, þannig að hvorki börnin né aðstandendur þeirra fundu mikið fyrir því að eitthvað væri óvenjulegt.

Leikskólinn tók til starfa eftir sumarleyfi þann 12. ágúst, kl 13:00. Gott er að hefja starfið eftir hádegi, þar sem starfsmönnum gefst þá tækifæri til að undirbúa húsnæðið fyrir komu barnanna.

Í byrjun september fóru elstu nemendur leikskólans á Ísafjörð á leiksýningu í Edinborgarhúsinu, ásamt yngsta stigi grunnskólans. Farið var að sjá Einar Mikael í grunnskólanum í byrjun október, auk þess sem „bleikur dagur“ var 10. október, þar sem allir mættu í einhverju bleiku. Nemendur tóku þátt í Ólympíuhlaupinu með grunnskólanum, þar sem elstu nemendurnir létu sig ekki muna um að fara 2,5 km, eins og yngstu nemendur

grunnskólans. Haustfundur var sameiginlegur með grunnskólanum, eins og kom fram hér frammar. Foreldrum og öðrum aðstandendum var boðið að koma í kaffi í leikskólann í tilefni af afmæli leikskólans í nóvember. Einnig var boðið í aðventukaffi í desember, auk þess sem það var „rauður dagur“ í þeim mánuði, hátíðarmatur og litlu jól þar sem við fengum innlit frá tveimur rauðklæddum kumpánum.

Í janúar var samkvæmt venju þorablót, þar sem börnin fengu að smakka á alls konar hefðbundnum þorramat. Í febrúar var foreldrum og öðrum aðstandendum boðið upp á útisúpu í tilefni af Degi leikskólans, einnig fóru elstu nemendur í grunnskólann að sjá lðunn og eplin í boði Kómedíuleikhússins. Í febrúar fórum við að nota Karellen sem er skráningarkerfi sem auðveldar öll samskipti við heimili, þar geta foreldrar fylgst með mætingum, skráð veikindi/leyfi, sent póst, séð hvernig barnið þeirra borðaði, svaf o.þ.h. einnig setja starfsmenn þar inn myndir, sem eru aðeins sýnilegar viðkomandi foreldrum. Í marsmánuði tók við breytt starfssemi með tilkomu Covid-19. Reynt var að halda öllu starfi eins venjulega og hægt var, utan þess að engir utanaðkomandi fengu að koma inn í leikskólann, ekki einu sinni foreldrar barnanna og þurftu þau að skila og sækja í forstofuna. Þetta varði allt frammí maí en þá gátum við byrjað aftur eins og ekkert hefði í skorist, með nokkrum takmörkunum þó, t.d. var bara foreldrum útskriftarnemenda boðið að vera við útskrift elstu nemenda í lok maí.

Skipulag á sumarönn er frábrugðið starfinu yfir vetrartímann að því leyti að þá er eiginlegt hópastarf ekki í gangi. Starfið einkennist af útiveru, ýmist á lóð skólans eða í nærumhverfi. Starfið gekk vel, veður var gott og því hægt að vera mikið úti. Síðasta daginn fyrir sumarfrí var sumarhátíð, með breyttu sniði, eins og svo margt annað þetta vorið og var hátíðin einungis fyrir skráð börn í leikskólanum og ekki aðstandendur.

Að öðru leyti var daglegt starf brotið upp með bókadögum, útidótadegi, dótadegi, bangsadegi, náttfatadegi, sleðadegi, rafmagnslausum degi o.fl. þ.h. Nemendur máttu koma með ávexti að heiman, helst óvenjulega, á ávaxtadegi, Auk þess sem skólahópur fór reglulega í heimsókn í grunnskólann og tók þátt í starfinu þar, bæði samkvæmt áætlun *Brúum bilið* en einnig oft, t.d. þegar það var tómstund, óhefðbundnar kennslustundir hjá 1.-7.bekk, og/eða þegar viðburðir voru í grunnskólanum. Með því að hafa sameiginlega viðburði var reynt að leggja frekari áherslu á samstarf og samvinnu á milli skólastigana.

Af öðru er tengist starfinu, þá var keyptur nýr ofn fyrir mótuneytiseldhúsið í vetur, en sá gamli var orðinn ansi þreyttur, ný gluggatjöld voru sett upp, nýjar dýnur voru keyptar fyrir börnin sem eru m.a. notaðar í hvíld, húsbúnaður í starfsmannaaðstöðu var endurnýjaður, fjárfest var í tveimur nýjum spjaldtölvum og auk þessa var ráðist í kaup á nýjum bókum og dót endurnýjað. Við fengum styrk frá félagasamtökum á Ísafirði, að upphæð 200.000.- sem ekki hefur verið nýttur og bíður hann haustsins.

Heilsuleikskólinn Laufás var tekinn út af Menntamálastofnun á vormánuðum 2019, svokallað Ytra mat. Í framhaldi af niðurstöðum þeirrar úttektar var gerð umbótaáætlun sem unnið var eftir á starfsárinu. Ekki tókst í öllum tilvikum að ljúka umbótum en samantekt var gerð í júní 2020, er skilað var til Menntamálastofnunar sem og Fræðslunefndar, þar sem farið var yfir það sem gert var og það sem útaf stóð. Gert er ráð fyrir að haldið verði áfram að vinna eftir umbótaáætluninni á næsta starfsári.

## Upplýsingar um breytingar, viðgerðir og viðhald í leikskólanum

Nauðsynlegt er að merkja húsnæði skólans, núna er hann algjörlega ómerktur og því einungis staðkunnugir sem vita hvað leikskólinn heitir. Tími er komin á að uppfæra heimasíðu leikskólans, gera hana einfaldari og aðgengilegri, m.a. fyrir síma og spjaldtölvur. Laga þarf þvottaðstöðu, þ.e. setja þvottavél og þurrkara á upphækkun til minnka líkamlegt álag á þann er sinnir þvotti.

Aðkallandi viðhalds verkefni:

- ✓ Komið er að því að það þurfi að mála gang og anddyri skólans.
- ✓ Það þarf að mála glugga að utan.
- ✓ Laga þarf innkeyrslu fyrir framan, þar er gangstígur sem ekki þolir að það sé keyrt á. Það þarf að keyra þar til að sækja mat og koma með aðföng.
- ✓ Það þarf að laga aðkomuna að leikskólanum, það er að segja afgirti reiturinn þegar komið er að skólanum.
- ✓ Það þarf að fara yfir Aðgerðaráætlun Vinnueftirlits og laga það sem fram kom að væri ábótavant á leikskólanum. Eitt af því er að fara yfir loftræstikerfið sem er í vinnslu og hefur verið frá haustmánuðum 2015.

- ✓ Nauðsynlegt er að brunavarnarkerfi verði komið í húsið. Nú er einungis brunaboðar sem duga skammt þegar engin er í húsi.

Viðhald á leikskólalóð:

- ✓ Vinna þarf skipulega að því að uppræta illgresi á lóðinni.
- ✓ Laga þarf holur sem myndast hafa vegna snjóa.
- ✓ Setja ræsi fyrir framan hliðið, en þar myndast stór pollur þegar það rignir.
- ✓ Laga þarf sandkassa, þ.e. endurnýja dúk og grind sem lokar honum þegar hann er ekki í notkun.

## Fjárhagsáætlun

Vel tókst að halda fjárhag innan ramma fjárhagsáætlunar á þessu tímabili, utan launaáætlunar sem hlutast til af óvenju miklum forföllum vegna veikinda. Staða fjárhags í Sveitastjóra þann 14. júlí 2020:

**Hreyfing:** 21.149.434 kr. **Áætlun:** 21.519.837 kr. **Mismunur:** 370.403 kr.

Lýkur hér yfirferð á helstu atriðum á 31. starfsári Heilsuleikskólans Laufás.

*Sonja Dröfn Helgadóttir, skólastjóri*